

## Stofnfundur

Stofnfundur Hollvinasamtaka Reykjalundar var haldinn á Reykjalundi laugardaginn 2. nóvember, 2013. Um 180 manns sóttu fundinn.

Í fyrstu stjórn samtakanna sitja: Haukur F. Leósson, formaður, Sigrún Hjálmtýsdóttir, varaformaður, Stefán Sigurðsson, gjaldkeri, Ásbjörn Einarsson, ritari og Ragnheiður Ríkharðsdóttir, meðstjórnandi. Í varastjórn eru Bjarni I. Árnason og Jón Á. Ágústsson.

## Fjöldi félaga

Alls eru nú 345 skráðir félagar í samtökunum sem er mjög ásættanlegt á fyrsta starfsári. Meiri fjölgun félaga og kynning á samtökunum eru mjög mikilvæg verkefni og eru allir félagar hvattir til að leggja því máli lið.

## Félagsgjöld

Félagsgjald er kr. 5.000. Greiðsluseðlar hafa sendir út og eru félagar beðnir að greiða þá sem allra fyrst.

## Fjárhagur samtakanna

Samtökunum hafa borist miklar og góðar gjafir frá einstaklingum, félagasamtökum og fyrirtækjum á þessu fyrsta starfsári. Þær hafa verið notaðar til kaupa á búnaði fyrir Reykjalund. Við þökkum öllum gefendum hlýhug þeirra til samtakanna og Reykjalundar.

## Gjafir til Reykjalundar

Samtökin hafa fært Reykjalundi að gjöf nýjan fullkominn HP-tölvubúnað til endurnýjunar á öllum tölvum stofnunarinnar. Gjöfin er að verðmæti kr. 28.500.000. Þar eru 135 borðtölvur, 15 sértölvur fyrir fundarherbergi, 120 skjáir og 9 fartölvur frá Opnum kerfum hf, en fyrirtækið tók þátt í fjármögnun þessarar gjafar. Samtökin hafa einnig gefið Reykjalundi NOX Medical svefnrannsóknataeki að verðmæti kr. 2.000.000. Gjafir til Reykjalundar eru því orðnar að verðmæti kr. 30.500.000 sem verður að teljast frábær árangur á þessum stutta tíma.

## Heimsókn heilbrigðisráðherra

Kristján Þór Júlíusson, heilbrigðisráðherra, heimsótti Reykjalund þann 26. september í tilefni af afhendingu gjafa Hollvinasamtakanna til stofnunarinnar. Gaf hann sér góðan tíma til þess að skoða alla starfsemi Reykjalundar við þetta tækifæri og lýsti mikilli ánægju með heimsóknina.

## Aðalfundur

Fyrsti aðalfundur Hollvinasamtaka Reykjalundar verður haldinn á Reykjalundi þann 31. janúar, 2015, kl. 14.00. Allir félagsmenn eru hvattir til að mæta.



Haukur F. Leósson, formaður Hollvinasamtakanna, sýnir Jóni Á. Ágústssyni, Dagnýju E. Lárusdóttur, frv. form. SÍBS og Frosta Bergssyni, stjórnarformanni Opinna Kerfa hf, gjafabréfin. Kristján Þór Júlíusson, heilbrigðisráðherra, fylgist með.



Haukur F. Leósson afhendir Birgi Gunnarssyni, forstjóra Reykjalundar, gjafabréf fyrir nýjum tölvubúnaði og svefnrannsóknataeki.